

Nd.

5. Frumvarp til laga

[5. mál]

um lögglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að fyrirskipa, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi löggluþjóni á hverja 500 íbúa.

Sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa löggluþjóna að fengnum tillögum lögglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis nefndra aðilja.

2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður endurgreiða helming kostnaðar við lögglu og löggæzlu sveitar- eða sýslufélaga.

Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislöggludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða þriðjung kostnaðar úr ríkissjóði.

3. gr.

Í Reykjavík skal, auk borgarlöggluþjóns, vera deild ríkislögglumanna, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ríkislögglumenn skulu undirbúa sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Dómsmálaráðherra ákveður tölu ríkislögglumanna, og verði við það miðað, að tala þeirra verði eigi lægri en þriðjungur af tölu borgarlögglumanna í Reykjavík.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að löggluþjón sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalöggluþjónnum, og greiðir ríkissjóður þá allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, þó eigi hærri upphæð en nemur þriðjungi kostnaðar af hinu reglulega löggluþjóni. Varalöggluþjónnum fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða löggluþjón til starfa eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Má binda slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Þeim tollvörðum, sem voru í starfi, þegar lög nr. 50 1940 gengu í gildi, verður þó eigi skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra með samþykki fjármálaráðherra og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að ákveða, að lögreglumaður sveitar- eða sýslufélags skuli gegna tollgæzlustörfum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Kostnaður greiðist þá að $\frac{2}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{1}{3}$ úr viðkomandi sveitar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Ríkislögreglumönnum er skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu. Ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, gildir sama um lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, taki ríkissjóður þátt í kostnaði við það. Ráðherra ákveður, hver skuli stjórna liði, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, skal lögreglumönnum þess skylt, þegar nauðsyn krefur, að gegna löggæzlustarfi hvar sem er innan umdæmis þess lögreglustjóra, er fer með stjórn þeirra.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

8. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum í héraði, þegar á þarf að halda, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Kostnaður af fræðslu og þjálfun héraðslögreglumanna, svo og kostnaður af ein-kennisfatnaði þeirra og öðrum búnaði greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur reglugerð um fasta þóknun héraðslögreglumanna og um greiðslu annars kostnaðar vegna starfa þeirra. Þóknun og kostnaður greiðist úr sýslusjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Heimilt er lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða til sýslusjóðs kostnað af þeirri löggæzlu samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Lögreglustjóri heimilar héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnám-

skeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglu-námskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstílhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðiljum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, og lög nr. 61 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. laga þessara, um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu, skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 skal ríkissjóður greiða $\frac{3}{10}$ hluta af kostnaði þessum utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{5}$ hluta í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $\frac{4}{10}$ hlutar kostnaðarins utan Reykjavíkur, en $\frac{1}{4}$ hluti í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 4. maí 1960, var ríkisstjórninni falið að láta endurskoða gildandi lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febrúar 1940. Hefur sú endurskoðun farið fram á vegum dómsmálaráðuneytisins og enn fremur athugaðir möguleikar á sameiningu löggæzlu og tollgæzlu í samráði við fjármála-ráðuneytið, sbr. þingsályktun frá 22. marz 1961.

Á þeim 22 árum, sem liðin eru síðan gildandi lög um lögreglumenn voru sett, en með þeim var að vísu aðeins aukið við lög frá 1933, hafa orðið svo stórfelldar breytingar á samgöngum, umferð og samkomuhaldi í landinu, að engan þarf að undra, þótt skipan löggæzlumála þarfnist endurskoðunar. Hafa kröfur almennings um aukna löggæzlu því orðið æ meiri. Jafnframt hafa reglur gildandi laga um skiptingu kostnaðar af löggæzlu milli ríkis og sveitarfélaga valdið óánægju og munu hafa í ýmsum tilfellum leitt til misréttis. Þá hafa komið fram ákvæðnar ábendingar um það, bæði frá einstökum sveitarfélögum og frá samtökum þeirra, að ríkissjóður beri óeðlilega lítinn hluta af lögreglukostnaðinum í landinu. Á síð-ustu árum hafa í flestum sýslum landsins verið settar reglugerðir um löggæzlu á samkomum. Eru ákvæði um þessa löggæzlu sett af brýnni þörf, en ekki að sama skapi með ljósri heimild í gildandi lögreglumannalögum, að því er varðar greiðslu kostnaðar, enda mun frekast hafa verið miðað við það, við setningu laganna, að þau störf yrðu unnin af sjálfbóðasveitum, sbr. þskj. 325 A-1939, bls. 766. Munu menn sammála um það nú, að þau sjónarmið séu óraunhæf. Er því þörf á að skapa skýran lagalegan grundvöll fyrir störfum þessara löggæzlumanna, svo og að koma fastari skipan á starfsháttu og skiptingu kostnaðar.

Hin síðustu ár hefur fjölgað mjög sérstökum fjárveitingum til löggæzluhalds á tilteknum stöðum á vissum tíma árs (vertíðarlöggæzla). Þykir rétt að kveða að nokkru á um þá löggæzlustarfsemi í lögreglumannalögum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru þessar breytingar frá gildandi lögum veigamestar:

1) Rýmkaðar eru reglur um heimild til lögreglumannahalds með tilstyrk ríkissjóðs. 2) Ríkissjóður greiði almennt helming lögreglukostnaðar í stað $\frac{1}{6}$ áður. 3) Í Reykjavík greiði ríkissjóður þó aðeins $\frac{1}{3}$ kostnaðar, enda beri ríkissjóður þar allan kostnað af ríkislögregludeild og er gert ráð fyrir, að tala þeirra lögreglumanna verði eigi lægri en þriðjungur borgarlögreglumanna. 4) Heimilað er að ákveða, að lögreglumenn sveitarfélags gegni jafnframt tollgæzlustörfum og þá með aukinni hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði. 5) Markaðar eru reglur um störf héraðslögreglumanna, sem hafi fasta þóknun, en fái auk þess greiðslur fyrir unnin störf. 6) Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði starfræktur lögregluskóli og er með því staðfest sú framkvæmd, sem orðin er á heimild gildandi laga um námskeið fyrir lögreglumenn.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Sú breyting er hér gerð að heimila ákvörðun um lögregluhald í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, í stað þess, að í gildandi lögum er miðað við kaupstaði eða kaupþún, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, en þar mátti hafa tvo lögreglumenn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Þá er það og nýmæli, að heimildin nær einnig til sýslufélaga.

Um 2. gr.

Felld er niður sú takmörkun gildandi laga, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði komi ekki til nema að minnsta kosti einn lögregluþjónn komi á hverja 700 íbúa. Þykir slík viðmiðun geta valdið misrétti. Í þessari grein er svo gerð veigamesta breyting frumvarpsins, þ. e. að ríkissjóður endurgreiði helming lögreglukostnaðar í stað $\frac{1}{6}$ áður. Þykir þessi skipting kostnaðar eðlileg og er hún tíðkuð í ýmsum nágrannalöndum okkar.

Með hliðsjón af því, að lagt er til, að lögfest verði, að í Reykjavík skuli vera deild ríkislögreglumanna, svo sem þegar hefur verið um árábil með tilstyrk fjárveitingar í fjárlögum, þykir sanngjarnt, að þar sé aðeins endurgreiddur $\frac{1}{3}$ hluti lögreglukostnaðar.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru markaðar þær reglur, sem áður getur um, varðandi sérstaka deild ríkislögreglumanna, verksvið hennar og ákvörðun um tölu lögreglumanna. Er ljóst, að sívaxandi verkefni eru fyrir lögreglulið, sem er mjög hreyfanlegt og tiltækt til starfa fyrirvaralítið langt frá aðsetursstað. Er langhentugast, að slík lögregludeild sé staðsett í Reykjavík, enda er svo í raun og veru nú þegar í framkvæmd.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar eru efnislega óbreytt ákvæði 6. gr. gildandi laga.

Í annarri málsgrein er fjallað um löggæzlu vegna sérstakra, tímabundinna aðstæðna, svo sem t. d. á Þingvöllum miðsumars, á Keflavíkurflugvelli og í ýmsum verstöðvum, þar sem sérstök þörf er aukinnar löggæzlu hluta úr ári. Hefur slíkur kostnaður verið greiddur af sérstökum fjárveitingum á fjárlögum og þykir ekki unnt að marka fastari reglur en hér er gert, en heimilað að gera þátttöku sveitarfélags í kostnaði að skilyrði fyrir framlögum, ef við á. Er tæpast hægt að hugsa sér fastar reglur fyrir því, að hve miklu leyti löggæzluþörf og geta til að standa undir kostnaði fylgist að.

Um 5. gr.

Í fyrstu málsgrein er fjallað um sama efni og í 5. gr. nógildandi laga.

Með ákvæði annarrar málsgreinar er lögfest áratuga gamalt ákvæði fjölmargra lögreglusamþykktá, sem segja má, að ekki hafi átt skýlausa stoð í lögum.

Í þriðju málsgrein er heimilað að ákveða, að löggæzlumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum, og komi þá til aukin kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs.

Um 6. gr.

Efnislega sama ákvæði og í 7. gr. nógildandi laga.

Um 7. gr.

Efnislega að heita má sömu ákvæði og í 8. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða nýskipan á störfum þeirra löggæzlumanna, sem starfa samkvæmt reglugerðum um löggæzlu á samkomum. Þykir henta, að þessir löggæzlumenn, sem yfirleitt hafa hlotið nokkra þjálfun á lögreglunámskeiðum, fái frekari verkefni heldur en löggæzlu á samkomum, og ættu þau störf, sem þó ættu að geta verið viðráðanleg aukastörf, við þetta að verða minna einhliða og því að verða aðgengilegri. Jafnframt myndu þessi fjölþættari störf gera þá hæfari löggæzlumenn og skapa þeim sterkari starfsaðstöðu. Sýslusjóður myndi þá greiða fasta þóknun héraðslögreglumanna og allan annan kostnað, en ríkissjóður síðan endurgreiða helminginn. Ríkissjóður greiði þó að öllu leyti kostnað við þjálfun, einkennisfatnað og annan búnað héraðslögreglumanna.

Ákvæði er um það í greininni, að lögreglustjóra sé heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að leyfishafi greiði löggæzlukostnað til sýslusjóðs samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Um 9. gr.

Efnislega ákvæði 1. málgr. 9. gr. gildandi laga og 10. gr. síðasta málsliðar. Eru hér þó settar ákveðnar reglur um lögregluskóla, sem þegar er haldið uppi í framkvæmd.

Um 10. gr.

Óbreytt ákvæði 4. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Óbreytt ákvæði 11. gr. og 2. málgr. 9. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt lögum þessum er ríkissjóði ætlað að greiða mjög aukinn hluta af kostnaði við lögreglu og löggæzlu. Þar sem örðugleikar eru á því, að láta þá útgjaldahækkun koma í einu, þykir rétt að dreifa hækkuninni, þannig að hún verði nokkuð jöfn á næstu tveimur árum, en komi að fullu til framkvæmda 1. janúar 1965.